

| | |
|--------------------|---------------|
| SEÐLABANKI ÍSLANDS | |
| MÓTTEKIÐ | |
| 15. FEB. 2018 | |
| Flokkur | Ábyrgðarmáður |
| 20.60.1 | g.g.g. |
| Málsnr. | 1802059 |



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík

Sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299

postur@fjr.is www.fjr.is

Seðlabanki Íslands
Már Guðmundsson seðlabankastjóri
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2018

Tilv.: FJR18020039/5.2

Efni: Opinber birting á gögnum er varða undanþágu til Kaupþings ehf. frá ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 2. mgr. 13. gr. o. laganna.

Undanfarið hefur verið kallað eftir því, m.a. á Alþingi, að birt verði opinberlega þau gögn sem lágu til grundvallar undanþágu Seðlabanka Íslands til Kaupþings ehf. frá ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál í janúar 2016.

Af þessu tilefni óskar ráðuneytið eftir því að Seðlabankinn láti fara fram skoðun á möguleikum þess að birta opinberlega þau gögn sem lágu til grundvallar undanþágu frá ákvæðum laga um gjaldeyrismál til Kaupþings ehf. sem staðfest var með bréfi frá ráðuneytinu dags. 15. janúar 2016. Nánar tiltekið er um að ræða þau gögn sem send voru ráðuneytinu með bréfi Seðlabankans sem dagsett er 14. janúar 2016. Varðandi möguleika á afléttingu trúnaðar vegna umræddra skjala vísar ráðuneytið m.a. til 9. gr. í samningi milli bankans, Kaupþings og Kaupskila sem ber enska heitið Shareholders' Proceeds Apportionment Agreement og 16. gr. samnings milli bankans og Kaupþings sem ber enska heitið Assignment Agreement, en þessir samningar eru meðal þeirra gagna sem um ræðir.

Vegna aðkomu ríkisins að málinu í heild og fyrirhugaðra breytinga á eignarhaldi ríkisins í Arion banka er mikilvægt að viðhaft sé eins mikið gagnsæi og mögulegt er í málinu og það er einnig í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar um opna stjórnarsýslu. Ráðuneytið telur þannig birtingu umræddra gagna nauðsynlega til að tryggja opna og upplýsta umræðu um mikilvæga hagsmuni, að virtri 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Mat á því hvað eru mikilvægir fjárhags- eða viðskiptahagsmunir krefst þess að Seðlabankinn kanni afstöðu sinna viðsemjenda til birtingarinnar og lýsir ráðuneytið sig reiðubúið til að aðstoða við þá vinnu ef óskað er.

Bjarni Benediktsson